

L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965,
um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 28. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjávarútvegsráðherra, að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

L Ö G

**um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988,
sbr. lög nr. 107/1988.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. másl. fyrri mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntamálaráðuneytið hefur heimilað og mun heimila.

2. gr.

3. gr. laganna breytist þannig:

- a. Á eftir 3. másl. 4. mgr. kemur nýr málslíður svohljóðandi: Kostnað við byggingu heimavistar greiðir ríkissjóður að fullu.
- b. 5. mgr. orðast svo:

Heimilt er með samþykki Alþingis að víkja frá meginreglum um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga þegar skóli er í fámennu sveitarfélagi og ekki hefur tekist að fá nærliggjandi sveitarfélög til þess að sameinast um byggingu framhaldsskóla.